

AKRÝL 25/85



LÝSING

Akrýl lakkmálning er Svansvottað vatnspynnalegt akrýlplastlakk með frábæra þekju- og viðloðunareiginleika. Efnid er nær lykjarlaust, með ágætis efnaból, mjög gott veðrunarþol og auk þess hefur það góða þvottheldni. Inniheldur sérstök virk efni gegn myglu- og sveppavexti. Lit- og gljáheldni lakkans er einstaklega góð og það gulnar ekki. Efnid er sérþróað til notkunar með pensli eða rúllu og hefur því gott flot. Akrýl er verðugur arftaki einþátta alkýð- eða akrýlleysiefnalakka.

NOTKUN

Akrýl lakkmálning er ætluð til notkunar í vatnspynnalegum málningarkerfum innan- og utanhúss, á steypu og málna o.þ.h. fleti við meðaltærandi aðstæður. Lakkid hefur frábæra viðloðunareiginleika á gamla alkýðlakkaða fleti. Nota má lakkid þar sem hættu er á rakamyndun, m.a. í baðherbergjum og í matvælaíðnaði. Efnid hefur mikið þol gagnvart myglu- og sveppavexti. Þar sem lakkid er vatnspynnalegt og nær lykjarlaust er það frábært til notkunar innanhúss í stað leysiefnalakka.

Tæknilegar upplýsingar

Litir:	25 allir litir. 85 ljósir litir
Gljástig:	25/85
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Efnisnotkun:	10 m ² /l
Eðlisþyngd:	1,27 kg/l
Þurrefni:	40 % (rúmmál)
Þynnir:	Vatn
Áhaldahreinsir:	Vatn
Þurrktími:	2 klst
Yfirmálun:	Lágmark: 4 klst Hámark: Ekkert

Undirmálun

Grunnar sem m.a. koma til greina eru Gifs- og spartlgrunnur og Algrunnur.

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningsprautu. Við sprautun skal nota spíssastærð 0,015"-0,017" og skal þrýstingur við spíss vera um 130 bör. Efnid má þynna 5-15 % með vatni. Hreinsid áhöld að notkun lokinni með vatni.

Vinnutilhögun

Fjarlægid fitu, olíu, sölt og önnur óhreinindi með Málningarhreinsir eða olíuhreinsir og háþrýstipvotti. Gróður og myglu skal einnig hreinsa algjörlega burt með 5-10 % klórlausn, hreinsiefnum og háþrýstipvotti. Flöturinn skal vera hreinn, þurr og fastur viðkomu. Mælt er með því að bletta tærð yfirborð með hentugum ryðvarnargrunni. Duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja með steinslípun og ryk hreinsað burt.

Framleiðandi vekur athygli á því að ábyrgð hans takmarkast við framleiðslugalla en nær ekki til tjóns vegna rangrar meðhöndlunar eða utan að komandi aðstæðna.



Nýmálun

Stál: Grunnið með Algrunni. Athugið að meiri ryðvörn fæst með meiri þurrfilmupykkt. Hafið því samband við starfsmenn Slippfélagsins. Málaðar tvær umferðir með Akrýl. **Ryðfritt og galvanhúðað stál, ál og aðrir léttmálmar:** Grunnið með Algrunni. Athugið að meiri ryðvörn fæst með meiri þurrfilmupykkt. Mála tvær umferðir með Akrýl.

Steinsteypa, múr og gifs: Grunnið með Gifs- og spartlgrunni og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Mála tvær umferðir með Akrýl.

Endurmálun

Flöturinn skal vera algjörlega laus við myglu, fitu og hvers kyns óhreinindi, vera fastur og þurr viðkomu. Ryð og lausa málningu skal fjarlægja algjörlega með sandblæstri, vélslípun, handverkfærum eða háþrýstipvotti. Grunna skal bera fleti og viðgerðir með viðeigandi grunnnum samanber hér að ofan. Yfirleitt þarf ekki að grunna litaðar járnklæðningar nema ryð sé byrjað að brjótast út. Mála skal eina til tvær umferðir með Akrýl.

Athugasemdir

- Lágmarkshitastig við málun og þornun er 5 °C. Ef málað er við slíkar aðstæður lengist þurrk- og yfirmálunartími til muna. Ekki er æskilegt að málningin lendi í hitastigi undir +5 °C eftir málun fyrr en eftir a.m.k. einn sólarhring m.v. 20 °C eða tvo til þrjá sólarhringa m.v. 10 °C.
- Full þvottheldni næst eftir 4 vikur.
- Þó að málningin hafi engan hámarks yfirmálunartíma, skal yfirborð hennar vera hreint og laust við alla fitu, sót og ryk fyrir endur- eða yfirmálun. Í mjög menguðu umhverfi er því ráðlagt að skola yfirborðið vel með vatni fyrir málun.
- Málningin má ekki frjósa og geymið við hitastig frá 4-30 °C.
- Skilið tónum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/b 100 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 40 g/l.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með Akrýl telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur. Notið hanska og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.



SLIPPFÉLAGIÐ
MÁLNINGARVERKSMIÐJA